
Reynsla Lækjarskóla af starfi með flóttabörnum



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Börn umsækjenda um alþjóðlega vernd

Umsækjendum um alþjóðlega vernd, sem eru með börn, hefur fjölgað mikið á undanförunum tveimur árum

2016 var metár í umsóknum um alþjóðlega vernd, ca. 30% umsækjenda eru fjölskyldur með börn

Bið eftir sóttvarnarskoðun hefur verið u.þ.b. 6 vikur

Málsmeðferð getur tekið marga mánuði

Biðin eftir niðurstöðu hælismeðferðar er mjög streituvaldandi fyrir alla fjölskylduna

Ólíkt börnum kvótaflóttafólks eru þessi börn ekki komin í „öruggt“ skjól

Rannsókn Helgu Guðmundsdóttur um upplifun barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar

Reynslan úr Lækjarskóla

Í Hafnarfirði er staðsett móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á Bæjarhrauni, einnig eru íbúðir á Norðurhelli

Ákveðið var að börn af Bæjarhrauninu færu í móttökudeild Lækjarskóla

Mjög viðkvæmur hópur barna sem huga þarf sérstaklega að

Þessi börn eiga nánast ekki neitt, þarf að útvega fatnað og skólagögn

Foreldrar oft undir miklu álagi og ekki færir um að vera bakland barna sinna

Bakgrunnssupplýsingar af skornum skammti og breytast stundum dag frá degi

Börnin bera mikla ábyrgð og er jafnvel beitt í þágu hælismeðferðar

Reynslan úr Lækjarskóla

Munur á börnum innflytjenda, kvótaflóttamanna, börnum hælisleitenda og vegalausum börnum

Í deildinni höfum við getað unnið þétt með þessa nemendur

Einn kennari hefur yfirumsjón með þeim og félagsráðgjafi kemur sérstaklega mikið að málum barnanna

Myndast hefur náíð samband kennarar og nemenda – við fáum sögur þeirra

Sum hafa verið á þvælingi lengi, hafa slaka náms- og félagslega stöðu

Mikið álag hefur áhrif á námsgetu þeirra

Mikið í húfi fyrir fjölskylduna – óvissan hvílir eins og farg á þessum börnum

Umhugsunarefni

Tiltölulega nýr hópur barna, þarf að vera vakandi yfir líðan þeirra og þörfum

Mörg þessara barna koma úr fjölskyldum sem munu ekki fá hæli

Þær stofnanir sem koma að málefnum barnanna þurfa að vinna saman – þau eiga ekki að vera „heita kartaflan“

Mikilvægt að unnið sé heildstætt með málefni þessara barna

Nauðsynlegt að barnavernd sé virkjuð ef þarf og geti komið úrræðum inn

Nauðsynlegt að skólayfirvöld fái að vita um boðun/niðurstöðu hælismeðferðar

Umhugsunarefni

Það þarf að móta stefnu og búa til verklagsreglur í málefnum barna umsækjenda um alþjóðlega vernd

Ekki gleyma að þær fjölskyldur sem fá vernd eru oft í mjög erfiðri stöðu áfram og þurfa mikinn stuðning

Stjórnendur skóla, kennarar og nemendur þurfa fræðslu og ráðgjöf

Hvaða bestu mögulega þjónustu getum við veitt þessum börnum á meðan á málsmeðferð stendur? Hvers vegna er sú þjónusta mikilvæg?

Hvaða bjargir nýtast þeim best? T.d. ef þau verða send úr landi.

Hvað með?: ensku, stærðfræði, lífsleikni, list- og verkgreinar, íþróttir, sund, sálrænan stuðning, liðveislu, tómstundir.....

„Mætti ég aðeins eitt fyrir yður brýna: Hvert einstakt líf, það heimtar samhjálp þína.“

(Bertholt Brecht)

Takk fyrir í dag



Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi